

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 116/1999**

**frá 24. september 1999**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**og XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

II. og XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/98 frá 18. desember 1998<sup>(1)</sup>.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/85/EB frá 11. nóvember 1998 um breytingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB um búnað um borð í skipum<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*I. gr.*

Eftirfarandi bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 96/98/EB) í XXXII. kafla (búnaður um borð í skipum) í II. viðauka og í lið 56d (tilskipun ráðsins 96/98/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **398 L 0085:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/85/EB frá 11. nóvember 1998 (Stjtið. EB L 315, 25.11.1998, bls. 14).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 297, 18.11.1999, bls. 47 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 50, 18.11.1999, bls. 38.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 315, 25.11.1998, bls. 14.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 98/85/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 25. september 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 24. september 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*N. v. Liechtenstein*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*

*E. Gerner*